Reykjavíkurborg

Reykjavík, 29. nóvember 2022
USK22030047

Innkaupa- og framkvæmdaráð

***EES Útboð nr. 15625.***

***Rammasamningur um lampa fyrir borgarlýsingu.***

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar þann 13. september 2022 kl. 10:15. Ellefu fyrirtæki skiluðu inn tilboðum, sbr. neðangreinda töflu:

1 Rafkaup hf.
2 Epal hf.
3 Reykjafell ehf.
4 Húsasmiðjan/Ískraft
5 Fagkaup ehf.
6 Luxor Tækjaleiga ehf.
7 Jóhann Ólafsson & Co ehf.
8 Rafvídd ehf.
9 Smith & Norland
10 ilux ehf.
11 Rafmagnsþjónustan ehf.

Eftir opnun kom í ljós að í innsendum gögnum frá Fagkaup ehf. voru gögn fyrir tvo aðila. Það er Fagkaup/Johan Rönning og Fagkaup/S. Guðjónsson og ætlar Fagkaup ehf. að vera með tvo sjálfstæða aðila innan rammasamnings.

Samkvæmt grein 1.1.17 útboðsgagna mun kaupandi semja við þá bjóðendur sem uppfylla hæfiskröfur útboðsgagna.

Innkaupaskrifstofa sá um yfirferð tilboðsgagna varðandi fjárhagslegt hæfi fyrirtækjanna en skrifstofa framkvæmda- og viðhalds sá um yfirferð gagna varðandi tæknilegt hæfi.

Áætluð innkaup lampa á fjögra ára samningstímabili eru níu þúsund lampar. Áætluð fjárhæð vegna lampakaupa er 1.100 m. kr. að teknu tilliti til10% árlegrar verðbólgu.

**1.1.26 Framkvæmd innkaupa**

Fyrir öll innkaup þar sem heildarsamningsfjárhæð er áætluð jöfn eða yfir kr. 3 miljónir með vsk. skulu kaupin boðin út með örútboði innan rammasamnings milli þeirra aðila sem efnt geta samninginn. Þau tilboð sem berast og standast tæknilegar kröfur sem settar verða fram í örútboðsgögnum.

Fyrir innkaup þar sem heildarsamningsfjárhæð er áætluð undir kr. 3 miljónir með vsk. gildir að kaupandi skal gera LCC samanburð eftir atvikum á milli allra aðila innan rammasamnings og kaupa hjá þeim seljanda sem býður vöru sem stenst tæknilegar kröfur samkvæmt kröfulýsingu og býður upp á lægsta (nettó) verð hverju sinni.

**1.1.27 Örútboð**

Reykjavíkurborg mun í þessum samningi nýta sér rétt í lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup til að framkvæma örútboð vegna innkaupa þar sem áætluð heildarsamningsfjárhæð er yfir 3 miljónir kr. með vsk. og verður þá almennt einungis samið við einn aðila um viðskipti í slíkum örútboðum eftir nánari skilgreiningu í örútboðsgögnum.

Reykjavíkurborg

Ellefu af tólf bjóðendum uppfylltu hæfiskröfur útboðsgagna en þeir eru:

Rafkaup hf., Epal hf., Reykjafell ehf., Húsasmiðjan/Ískraft., Fagkaup ehf./Johan Rönning, Fagkaup ehf./S. Guðjónsson, Luxor Tækjaleiga ehf., Jóhann Ólafsson & Co ehf., Rafvídd ehf., Smith & Norland og Rafmagnsþjónustan ehf.

Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að samið verði við Rafkaup hf., Epal hf., Reykjafell ehf., Húsasmiðjan/Ískraft, Fagkaup ehf./Johan Rönning, Fagkaup ehf./S. Guðjónsson, Luxor Tækjaleiga ehf., Jóhann Ólafsson & Co ehf., Rafvídd ehf., Smith & Norland og Rafmagnsþjónustan ehf. í samræmi við ákvæði útboðsgagna.

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri
Götur, lóðir og opin svæði
*Umhverfis- og skipulagssvið*
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:
Fundargerð opnunarfundar
Yfirferð tilboða, niðurstaða „trúnaðarmál“

Árið 2022, þann 13. september kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í útboði nr. 15625 „Rammasamningur um lampa fyrir borgarlýsingu. Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

| | Eftirfarandi tilboð bárust: |
|---|---|
| 1 | Rafkaup hf. |
| 2 | Epal hf. |
| 3 | Reykjafell ehf. |
| 4 | Húsasmiðjan/Ískraft |
| 5 | Fagkaup ehf. |
| 6 | Luxor Tækjaleiga ehf. |
| 7 | Jóhann Ólafsson & Co ehf. |
| 8 | Rafvídd ehf. |
| 9 | Smith & Norland |
| 10 | ilux ehf. |
| 11 | Rafmagnsþjónustan ehf. |

Fleiri tilboð bárust ekki
Opnun tilboða lokið kl. 10:36